

## **Reglugerð nr 18. Þáttökugjald á Íslandsmóti.**

18.1. ÍHÍ er heimilt að krefja aðildarfélög sín um þáttökugjald vegna iðkenda og er aðildarfélögum ÍHÍ skylt að skrá iðkendur sína.

18.2. Gjaldið skal miðast við hvern leikmann sem tekur þátt í Íslandsmóti og skráður er til æfinga hjá aðildarfélagi. Aðeins þeir leikmenn sem færðir hafa verið í gagnagrunn og greitt þáttökugjald, hafa heimild til þátttöku á mótum á vegum ÍHÍ. Undanþegnir þáttökugjaldi eru þeir iðkendur sem eingöngu eru í skautaskóla/skautastund, sem fram fer á vegum aðildarfélaga.

18.3. Stjórn ÍHÍ skal fyrir 15. ágúst ár hvert tilkynna aðildarfélögum sínum upphæð gjaldsins. ~~Þó er stjórn ÍHÍ heimilt að leggja á gjaldið fyrir keppnistímabilið 2008-09 án þess að uppfylla tímaskilyrðin.~~

18.4. ÍHÍ sér til þess að aðildarfélögin hafi aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum. ÍHÍ er heimilt að nota Felix, gagnagrunn ÍSÍ, í þessu skyni.

18.5. Láti aðildarfélag leikmann spila óskráðan skal beita félagið eftirfarandi viðurlögum:

a) við fyrsta brot skal félag greiða tvöfalt þáttökugjald fyrir leikmanninn.

b) við annað brot og eftir það, innan flokks, skal félag greiða tvöfalt þáttökugjald, auk þess sem leikurinn sem hinn óskráði leikmaður tók þátt í dæmist tapaður 10 – 0.

18.6. Aðildarfélög skulu greiða þáttökugjaldið fyrir 15. nóvember ár hvert og lokauppgjör fyrir tímabilið skal fara fram fyrir 15. apríl ár hvert.

18.7. Verði greiðslufall á skráningargjöldum er stjórn ÍHÍ heimilt að vísa viðkomandi aðildarfélagi úr keppni.